

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 09.04 2020

Sökum Covid-19 er stjórnarfundur í gegnu fjarfundarbúnað.

Mætt: Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Sófus, Katrín og Svanur.

Forföll: Þorsteinn

Heimir formaður setti fundinn, bað um orðið og skipaði síðan Hauk sem fundarstjóra.

Heimir fékk fyrstur orðið, hann lagði til að næsti stjórnarfundur yrði haldin á Laugarvegi með þeim fjarlægðarmörkum sem þarf. Honum þykir fundir ekki nógu skilvirkir í gegnum fjarfundarbúnað. Stjórnarmenn voru sammála og var því samþykkt að halda næsta fund á Laugavegi.

Heimir er bjartsýn á framtíð gömlu prentsmiðjunar á Laugarvegi, mikill aukning hefur orðið á áhuga landsmanna á lestri og telur hann tækifæri liggja í því að halda kynningar fyrir ungu kynslóðina á því hvernig bækur voru gerðar fyrr á árum. Með því væri prentsögusetur að miðla þekkingu og auka áhuga á bókamenningu sem prentsögusetur tilheyrir. Hann leggur til að við ræðum það mál á næsta fundi.

Dagskrá fundar:

1. Samþykkt á lagabreytingum
2. Önnur mál
 - a. Félagaaukning

1. Samþykkt á lagabreytingum.

Ákveðið var að fresta málinu þar til síðar.

2. Önnur mál

- a. Síðan um áramót hafa 20 einstaklingar gengið í félagið, það eru 5 í mánuði. Svanur leggur til að við höldum ótrauð áfram að laða að okkur félagasmenn.

Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 22. apríl kl. 11:00.

Fundi slitið.